

INNLENT

# Fyrsti áttæringurinn frá bátasmiðum í heila öld

Kristján Már Unnarsson skrifar © 1. júní 2023 21:45



Hafliði Már Aðalsteinsson bátasmiður targar áttæringinn í dag.

SIGURJÓN ÓLASON

Bátasmiðir voru í dag að leggja lokahönd á fyrsta áttæringinn sem smíðaður hefur verið á Íslandi í meira en öld. Máttarviðir bátsins eru afrakstur íslenskrar skógræktar.

Í fréttum Stöðvar 2 var sýnt frá smíði bátsins í skemmu Faxaflóahafna í Sundahöfn. Þar var Hafliði Már Aðalsteinsson að tjarga, þó ekki með biksvartri tjöru heldur blandaðri með línóleum.

„Ef þetta er eintóm tjara þá verður hún lin í sólinni og þá fer fólk að skemma fötin sín á þessu. Af því að þetta verður sýningargripur fyrir fólk í góðum fötum en ekki fyrir sjómenn í skinnfötum, eins og var í gamla daga,“ útskýrir bátasmiðurinn.



Báturinn er ellefu metra langur og nær teinæringi í stærð en áttæringi. Svona bátar voru helstu atvinnutæki landsmanna á nítjándu öld fyrir tíma vélbáta.

SIGURJÓN  
ÓLASON

Við sögðum frá bátasmiðinni í fréttum í janúar þegar hún var nýhafin. Verkbeiðendur eru áhugamenn í Grindavík um forna sjávarhætti og er áformað að Grindvíkingarnir sæki bátinn á morgun.

Hafliði heldur að svona skip hafi síðast verið smíðað á Íslandi árið 1910. Þó að

báturinn teljist áttæringur er hann á stærð við teinæring, ellefu metra langur.

„Þeir voru ekkert mikið stærri meðan menn voru að nota þetta í alvörunni. Þetta er náttúrulega nítjándu aldar bátur í rauninni. Svona voru þeir áður en vélarnar komu til.“



Einar Jóhann Lárusson er yngsti iðnlærði bátasmiður landsins.

SIGURJÓN ÓLASON

Yngsti tréskipasmiður landsins, Einar Jóhann Lárusson, var að leggja lokahönd á siglutrén. Þau verða tvö á bátnum, afturmastur og frammastur, smíðuð úr íslenskum við.


„Íslenskt lerki úr Þjórsárdal. Það er mjög gaman að geta byrjað að nota íslenskan við í þetta,“ segir Einar.

„Máttarviðirnir, bönd, kjölur og stefni, eru greni innan úr Þjórsárdal og svolítið af því reyndar úr Heiðmörkinni líka. En furan er finnsk og naglarnir norskir.“

Þannig að þetta er svona norrænt, samnorrænt,“ segir Hafliði.

Báturinn verður frumsýndur á sjómannadeginum á sunnudag í Grindavík á Sjóaranum síkáta.

Hér má sjá frétt Stöðvar 2:



**Velkomin á Vísi. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar.**